

**Nd.**

**246. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 222 [Járnbrautarlagning og virkjun Urriðafoss].

Flutningsm.: Klemens Jónsson, Hákon Kristófersson, Sveinn Ólafsson,  
Pjetur Þórðarson og Jón Ólafsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnisáburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætið skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.